



Norrænt
samstarf

GREINING NR. 3/2017

DÝRMÆTT SAMSTARF

Er norrænt samstarf mikilvægt í augum almennings á Norðurlöndum? Vill fólk almennt að samstarfið sé meira eða minna en það er? Hver er grundvöllur þess að Norðurlöndin eigi í samstarfi og á hvaða sviðum á samstarfið að fara fram? Leitað hefur verið svara við þessum spurningum í skoðanakönnun sem nær til þrjú þúsund einstaklinga á öllum Norðurlöndunum.

Dýrmætt samstarf

Viðhorf norræns almennings til Norðurlanda
Ulf Andreasson og Truls Stende

ANP 2017:780

ISBN 978-92-893-5253-6 (PRINT)

ISBN 978-92-893-5254-3 (PDF)

ISBN 978-92-893-5255-0 (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2017-780>

© Norræna ráðherranefndin 2017

Umbrot: Mette Agger Tang

Kápumynd: norden.org/Karin Beate Nøsterud

Prentun: Rosendahls

Printed in Denmark



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin vinna saman að því að marka Norðurlöndum stöðu í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að gæta hagsmuna svæðisins og efla norræn gildi í hnattrænum heimi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

1061 København K

www.norden.org

Sækja útgefið efni: www.norden.org/nordpub

DÝRMÆTT SAMSTARF

”

Ástandið í heiminum í dag
útheimtir gott samstarf á
Norðurlöndum.



Efnisyfirlit

7	Formáli
8	Samantekt
10	Inngangur
12	Norrænt samstarf er mikilvægt
14	Gildismat og samfélagsgerð fremur en menning og tungumál
18	Viðfangsefni samstarfsins
21	Líkt og ólíkt með löndunum
24	Hugleiðingar
28	Fylgiskjöl

”

Pegar gildin eru svipuð
er auðveldara að standa
saman.

Formáli

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð starfa fyrst og fremst í umboði almennings á Norðurlöndum. Því er mikilvægt að kanna hvað íbúum landanna finnst um samstarfið – grundvöll þess, tilhögun og viðfangsefni. Við framkvæmdum umfangsmikla skoðanakönnun meðal rúmlega 3 þúsund íbúa í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

Svipaðar kannanir á viðhorfum til norræns samstarfs hafa verið gerðar með óreglulegu millibili og með mismunandi markmiðum og aðferðum. Síðustu sambærilegu kannanir eru um tíu ára gamlar. Því var tími til kominn að framkvæma nýja könnun.

Mikilvægt er að kanna viðhorf almennings til norræns samstarf nú þegar virðist hrikta í gömlum stoðum. Margt hefur breyst á undanförnum áratug: Bretar eru á leið út úr Evrópusambandinu, Kínverjar gegna æ mikilvægara hlutverki í heiminum, Bandaríkjamenn líta æ meir inn á við, þær ógnir sem steðja að Evrópu eru flóknari en fyrr og andstæður í samfélaginu verða skarpari. Þá hafa margir áhyggjur af þróun mála í Rússlandi – svo að fátt eitt sé nefnt af því sem hefur verið að gerast á undanförnum árum í heiminum umhverfis Norðurlönd. Á þessum grundvelli er könnunin sem hér um ræðir unnin.

Svörin sýna að íbúar Norðurlanda telja samstarfið dýrmætt. Þeim finnst samstarfið mikilvægt sem og sameiginlegt gildismat þjóðanna. Almenningsur á Norðurlöndum telur að auka beri samstarfið, og er það okkur innblástur og hvatning til að efla og þróa norrænt samstarf eins og framast er unnt innan umboðs okkar.

Skýrsluna unnu Ulf Andreasson og Truls Stende á greiningar- og matssviði Norrænu ráðherranefndarinnar. Hún er hluti af skýrsluröð sviðsins, sem ætlað er að varpa ljósi á málefni sem eru ofarlega á baugi og mikilvæg frá norrænu sjónarmiði.

Kaupmannahöfn, október 2017

Dagfinn Høybråten

Framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri
Norðurlandaráðs



Mér finnst að sömu reglur ættu að gilda fyrir launafólk varðandi skatta og slíkt. Það ætti ekki að skipta máli hvar á Norðurlöndunum fólk býr.



Samantekt

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð framkvæmdu umfangsmikla skoðanakönnun meðal rúmlega 3 þúsund íbúa í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi. Niðurstöður fyrir Norðurlöndin í heild eru metnar út frá íbúafjölda í hverju landi. Helstu niðurstöður könnunarinnar má taka saman í nokkur atriði en þau eru:

Stuðningur við norrænt samstarf

- Norrænt samstarf nýtur víðtæks stuðnings meðal almennings. Meira en 90 prósent íbúanna telja norrænt samstarf mikilvægt eða mjög mikilvægt, og þar af telja nærri 60 prósent að samstarfið sé mjög mikilvægt.
- Tveir þriðju segjast vilja aukið norrænt samstarf. Í öllum löndunum vill meirihluti íbúa að samstarfið verði aukið.
- Ennfremur telja tveir þriðjungar Norðurlandabúa að atburðir síðustu ára á heimsvísu hafi gert að verkum að norrænt samstarf sé nú enn mikilvægara en fyrr.
- Með hliðsjón af svörum úr svipaðri könnun sem framkvæmd var árið 2006 er óhætt að segja að fleiri séu jákvæðir í garð norræns samstarfs nú en þá. Einkum hefur greinileg breyting orðið í Svíþjóð.
- Stór hluti íbúanna þekkir til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Meira en 80 prósent þekkja til annarrar hvorrar stofnunarinnar. Það eru talsvert fleiri en í síðustu könnun.

Grundvöllur samstarfsins og norræn gildi

- Mikilvægasti grundvöllur norræns samstarfs er talinn felast í sameiginlegu gildismati og svipaðri samfélagsgerð. Um þriðjungur aðspurðra telur þetta tvennt mikilvægast, en svipuð menning (19 prósent) og gagnkvæmur tungumálaskilningur (8 prósent) virðast ekki skipta eins miklu máli.
- Helstu dæmigerðu norrænu gildi sem minnst er á eru málfrelsi, að allar manneskjur séu jafn mikils virði og hafi sömu réttindi og opin og lýðræðisleg vinnubrögð.

Viðfangsefni samstarfsins

- Í sem almennustum skilningi þykja varnar- og öryggismálin það svið sem mikilvægast sé að eiga norrænt samstarf um. Á eftir því fylgja, í þessari röð: menntamál, heilbrigðis- og félagsmál, loftslags- og umhverfismál, efnahags- og fjármálastefna og vinnumarkaðsmál.
- Helsti kosturinn við norrænt samstarf er talinn vera í fyrsta lagi sá möguleiki að geta nýtt öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði, í öðru lagi að samstarfið veiti Norðurlöndum öflugri rödd á heimsvísu og í þriðja lagi að það geri löndunum kleift að nýta úrræði hvert annars t.d. hvað varðar heilbrigðisþjónustu.
- Þegar viðmælendur voru beðnir að velja því fyrir sér hvaða svið norræns samstarfs þeim þætti mikilvægast í eigin daglega lífi svöruðu flestir að það væri að geta óhindrað flutt á milli Norðurlandanna og starfað þar, í öðru lagi frjáls för án landamæraeftirlits, í þriðja lagi að geta sótt sér menntun og fengið ólíkar prófgráður metnar á Norðurlöndunum, og í fjórða lagi að geta nýtt sér opinbera þjónustu (t.d. hvað varðar skatta-, heilbrigðis- og eftirlaunamál) þegar flutt er innan Norðurlandanna.

Nokkrar vangaveltur

- Með hliðsjón af svörum viðmælenda í könnuninni má hugsa sér að þau norrænu gildi sem íbúarnir telja hvað mikilvægust séu hin sömu og mörgum hefur þótt sótt að, eða í það minnsta að þau væru undir þrýstingi. Almennungur í löndunum vill standa vörð um þessi gildi, sem veldur því að norrænt samstarf er nú talið mikilvægara en áður. Hvað sem því líður eru gildi sem varða lýðræði, gagnsæi og manngildi hátt skrifuð meðal Norðurlandabúa.
- Íbúarnir hafa ýmsar hugmyndir um hvað samstarfið eigi að fjalla um. Nokkur rótgróin samstarfssvið lenda þar ofarlega á blaði, ásamt sviðum sem ekki er eins sterk hefð fyrir að vinna með í norrænu samstarfi. Almennnt má túlka svörin á þá leið að mörg hinna hefðbundnu pólitísku samstarfssviða njóti áfram stuðnings almennings, og að talið sé mikilvægt – ekki síst frá sjónarhorni einstaklingsins – að auðvelda hreyfanleika yfir landamæri. Hugsanlega benda svörin einnig til þess að almenningur sjái fyrir sér að Norðurlönd gegni stærra hlutverki frá landfræðipólitísku sjónarmiði. Þetta þarf þó að kanna betur.
- Munur er á viðhorfum fólks eftir löndum og eftir mismunandi lýðfræðibreytum (s.s. aldri og kyni). Svörin gefa þá heildarmynd að almenningur á Norðurlöndum hafi tiltölulega svipaða sýn á Norðurlönd og norrænt samstarf.

”

**Ég vil að við Norðurlandabúar
stöndum saman á þessum
skrýtnu tímum.**



Inngangur

Aðilar að hinu opinbera norræna samstarfi eru þingmannavettvangurinn Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin, sem er samstarfsvettvangur ríkisstjórnanna. Þegar upp er staðið starfa báðar stofnanir í þágu almennings á Norðurlöndum. Því er þýðingarmikið að kanna viðhorf íbúanna til Norðurlanda og samstarfsins. Telja þeir til dæmis samstarfið mikilvægt? Vilja þeir meira eða minna samstarf? Hver er grundvöllur þess að norrænu löndin eigi að vinna saman og hver eiga viðfangsefni þess samstarfs að vera? Leitað var svara við þessu meðal íbúa alls staðar á Norðurlöndum. Niðurstöður könnunarinnar eru kynntar í þessari skýrslu. Birtar eru niðurstöður fyrir Norðurlönd í heild, en einnig fyrir Danmörku, Finnland, Ísland, Noreg, Svíþjóð, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland.

Við völdum að leggja sérstaka áherslu á viðhorf ungs fólks (16–30 ára) í skýrslunni. Unga fólkið er framtíð Norðurlanda. Viðhorf þess gagnvart Norðurlöndum eru því sérlega mikilvæg og gerð er sérstaklega grein fyrir þeim í flestum liðum skýrslunnar. Einnig er gerð grein fyrir muni á svörum karla og kvenna.

Fyrri kannanir á viðhorfi til norræns samstarfs

Kannanir á viðhorfi til norrænu landanna og norræns samstarfs hafa verið framkvæmdar með óreglulegu millibili. Slík könnun var síðast gerð meðal almennings á Norðurlöndum árið 2008: *Hvad er vigtigt i Norden? – Nordboerne om det nordiske samarbejde* („Hvað skiptir máli á Norðurlöndum?

– Viðhorf Norðurlandabúa til norræns samstarfs“). Markmiðið var að varpa ljósi á þekkingu íbúa landanna á norrænu samstarfi og greina þau samstarfssvið sem þeir töldu skipta mestu máli. Árið 2006 lét Norðurlandaráð gera könnun sem hafði sama markmið: *Nordisk samarbejde – Nordens borgere om nordisk samarbejde. En opinionsundersøgelse i Finland, Danmark, Island, Norge og Sverige* („Norrænt samstarf – Viðhorf almennings til norræns samstarfs. Skoðanakönnun í Finnlandi, Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð“). Könnunin var gerð í framhaldi af svipaðri könnun frá 1993: *Nordiskt folk om nordiskt samarbete – en attitydundersökning i Sverige, Norge, Danmark, Finland och Island våren 1993* („Norrænar þjóðir um norrænt samstarf – könnun á viðhorfum í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og Íslandi vorið 1993“). Einnig var umfangsminni könnun framkvæmd árið 2009, sem samin var með valda hagsmunaaðila í huga. Auk þess hefur Norræna félagið látið gera nokkrar skoðanakannanir sem segja má að tengist þeirri sem hér um ræðir.

Í nýju könnuninni er að nokkru leyti fengist við sömu viðfangsefni og í þeim sem framkvæmdar voru 1993, 2006, og 2008, sem skapar forsendur til að bera einhverjar af niðurstöðum hennar saman við fyrri niðurstöður. Einnig voru ýmsar af spurningunum sem lagðar voru fyrir í þetta sinn nýjar af nálinni eða orðaðar með öðrum hætti en fyrr. Nú var markmiðið einkum að grafast fyrir um hvað almenningur telur vera drifkraftinn að baki norrænu samstarfi. Er það gildismat, tungumál, menning eða samfélagsgerð? Og hvaða gildi eru eiginlega dæmigerð fyrir Norðurlönd? Þessar spurningar eru mikilvægur grundvöllur umræðu um þá stefnu sem samstarfið á að taka í framtíðinni.

Aðferð

Um almenna framkvæmd skoðanakönnunarinnar sá sænska fyrirtækið Novus í samstarfi við Oxford Research, að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Norstat sá um að taka viðtöl við íbúa í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og á Álandseyjum. Gallup sá um að taka viðtöl á Íslandi, DMA tók viðtöl í Færeyjum og á Grænlandi sá HS Analysis um að taka viðtöl fyrir hönd Novus/Norstat.

Alls voru tekin viðtöl við 3.202 íbúa, 16 ára og eldri, þar sem spurt var um viðhorf þeirra til Norðurlanda, norræns samstarfs og norrænna gilda. Viðmælendum var skipt í fjóra aldurshópa. Yngsti aldurshópurinn var fólk á aldrinum 16–30 ára og var hann skilgreindur sem ungt fólk/ungmenni. Tekin voru viðtöl við 400–600 manns í hverju norrænu ríki og 200–250 manns á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi. Símaviðtöl voru tekin við viðmælendur og fóru þau fram í ágúst og september 2017.

Þegar greint er frá viðhorfum almennings á Norðurlöndum til ýmissa mála hafa svör frá tilteknum löndum verið lätin vega þyngra en önnur. Svör frá hverju landi hafa verið metin í hlutfalli við íbúafjölda. Þannig hafa svörin frá Svíþjóð mest vægi í heildarniðurstöðunum, en svör frá Íslandi tiltölulega lítið vægi (sama gildir um Álandseyjar, Færeyjar og Grænland). Ef kanna á viðhorf almennings í norrænu löndunum sem heild er sanngjarnt að viðhorf hvers og eins íbúanna vegi jafn þungt. Niðurstöður eru einnig metnar með tilliti til aldurs og kyns viðmælenda. Nánari upplýsingar um vægi hvers lands í niðurstöðunum er að finna í fylgiskjalinu. Þar eru einnig upplýsingar um skekkjumörk í könnuninni. Frekari upplýsingar um kyn og aldur viðmælenda veitir greiningar- og matssvið Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norrænt samstarf er mikilvægt

Norrænt samstarf nýtur mikils stuðnings meðal almennings. Sjá mynd 1.

Myndin sýnir að meira en 90 prósent íbúa á Norðurlöndum telja það mikilvægt eða mjög mikilvægt að löndin eigi í samstarfi, þar af telja tæp 60 prósent að það sé mjög mikilvægt. Aðeins eitt prósent Norðurlandabúa telur að norrænt samstarf sé alls ekki mikilvægt.

Hlutfall þeirra sem telja samstarfið mikilvægt eða mjög mikilvægt er, með einni undantekningu, um 90 prósent í öllum löndunum. Grænland sker sig úr hvað þetta varðar, en þar er hlutfallið lægra. Þó telur meirihluti íbúa á Grænlandi – tæp 60 prósent – að samstarfið sé mikilvægt eða afar mikilvægt.

Ungu fólki finnst einnig að norrænt samstarf sé mikilvægt. 86 prósent telja að gott samstarf norrænu landanna sé mikilvægt eða mjög mikilvægt, sem þó er lægra hlutfall en meðal allra íbúanna, þar sem 92 prósent telja að svo sé. Einnig telja færri meðal unga fólksins að samstarfið sé mjög mikilvægt; 45 prósent samanborið við 59 prósent allra íbúanna. Fleiri konur en karlar telja að gott samstarf milli norrænu landanna sé mjög mikilvægt (62 prósent á móti 55 prósentum).

Tveir þriðju segjast vilja aukið norrænt samstarf. Þetta má setja í sögulegt samhengi. Þegar svipuð spurning var borin upp í könnun árið 1993 sögðust 74 prósent vilja aukið samstarf, eða nokkru fleiri en í könnuninni sem hér er til umfjöllunar. Árið 2006 vildu það hinsvegar færri, eða 62 prósent. Sjá mynd 2.


Eins og myndin sýnir lenda niðurstöður ársins 2017 á milli niðurstöðna fyrri ára. Það sem meira er, samanborið við könnunina frá 2006 benda svör ársins 2017 til þess að fleiri vilji nú að norrænt samstarf verði aukið.

Eins og fram kemur er hlutfall þeirra sem telja norrænt samstarf mikilvægt lægra á Grænlandi, en þrátt fyrir það eru það íbúar Grænlands, svo og Svíþjóðar og Álandseyja, sem helst vilja að norrænt samstarf verði aukið. 75–80 prósent aðspurðra í Svíþjóð, á Álandseyjum og Grænlandi segjast vilja sjá aukið norrænt samstarf. Vert er að nefna að þegar samsvarandi könnun var gerð árið 2006 voru íbúar Svíþjóðar síst líklegir til að finnast þörf fyrir norrænt samstarf.

Ennfremur telja tveir af þremur viðmælendum á öllum Norðurlöndunum að atburðir síðustu ára á heimsvísu hafi gert það að verkum að vægi norræns samstarfs sé nú meira en fyrr. Það eru einkum íbúar Svíþjóðar og Finnlands sem eru á þeirri skoðun. Einstaklingar eldri en 30 ára eru líklegri til að svara á þessa leið en þeir sem yngri eru.

Greinilegt er að norrænt samstarf nýtur mikils stuðnings. Hver ætli sé talinn grundvöllur samstarfsins?


Prósent



Mynd 1

Hversu mikilvægt finnst þér að Norðurlöndin eigi í ríku og nánú samstarfi?

Prósent



Mynd 2

Vilt þú að Norðurlöndin eigi í meira eða minna samstarfi eða er umfang samstarfsins mátulegt eins og það er?

Spurningin er keimlík spurningum sem bornar voru upp í könnunum 1993 og 2006, þó að orðalag sé annað.

Gildismat og samfélagsgerð fremur en menning og tungumál

Það er svipað gildismat og samfélagsgerð sem flestir telja að tengi norrænu löndin saman og myndi grundvöll fyrir samstarf þeirra. Sjá mynd 3.

Eins og myndin sýnir segist um þriðjungur telja að gildismat sé mikilvægasti grundvöllur samstarfsins. Næstum jafn margir telja svipaða samfélagsgerð í löndunum mikilvægasta grundvöllinn. Tæp 20 prósent telja að menningarleg samkennd þjóðanna sé grundvöllur samstarfsins, en færri en 10 prósent nefna gagnkvæman tungumálaskilning.

Þó að sameiginleg gildi og svipuð samfélagsgerð séu almennt talinn mikilvægasti grundvöllur norræns samstarfs er misjafnt eftir löndum hve mikilvægir þessir þættir eru í augum íbúanna, eins og tafla 1 sýnir.

Eins og sjá má er sameiginlegt gildismat einkum talið mikilvægt í Danmörku. Í Finnlandi er gildismat einnig talið mikilvægasti grundvöllur norræns samstarfs, þó að ekki sé með eins afgerandi hætti. Svipuð samfélagsgerð er talin mikilvægust af íbúum Íslands, Grænlands, Svíþjóðar og Noregs. Svipuð menning er frekar talin mikilvæg á Íslandi en í hinum löndunum (jafnvel þó að þar leggi fleiri áherslu á svipaða samfélagsgerð), en á Grænlandi og í Færeyjum er tungumálaskilningur oftast nefndur til sögunnar. Í Færeyjum er gagnkvæmur tungumálaskilningur talinn vera mikilvægasti grundvöllur samstarfsins.


Fleiri meðal unga fólksins en meðal íbúanna í heild telja að helsti grundvöllur hins norræna samstarfs sé sameiginlegt gildismat okkar.

Ennfremur segja fleiri konur en karlar að sameiginlegt gildismat sé mikilvægasti grundvöllur samstarfsins. Ekkert eitt atriði skar sig úr með svipuðum hætti í svörum karlanna.

Tafla 1
Mikilvægasti grundvöllur norræns samstarfs eftir löndum


Miðað við það vægi sem norrænt gildismat hefur í augum viðmælenda er áhugavert að skoða nánar hvaða gildi íbúar landanna telja einkenna Norðurlönd. Sjá mynd 4.

Land	Svipað gildismat	Svipuð samfélagsgerð	Svipuð menning	Að við skiljum að mestu leyti tungumál hvert annars	Annað	Ekkert af framangreindu
Norðurlönd í heild	34%	32%	19%	8%	5%	2%
Svíþjóð	32%	36%	16%	8%	6%	2%
Noregur	26%	35%	24%	8%	5%	2%
Danmörk	42%	22%	19%	10%	5%	1%
Finnland	38%	33%	19%	6%	4%	1%
Ísland	27%	32%	30%	4%	5%	2%
Álandseyjar	35%	26%	20%	12%	7%	0%
Færeyjar	33%	16%	13%	35%	1%	2%
Grænland	22%	30%	19%	27%	0%	2%



Mynd 3

Hver er að þínu mati mikilvægasti grundvöllur norræns samstarfs? Er það að ...



Mynd 4

Gildi geta tengt fólk saman þvert á menningarheima og samfélög. Finnst þér einhver eftirfarandi gilda vera dæmigerð norræn gildi, þ.e.a.s. gildi sem við sem búum á Norðurlöndunum eigum sameiginleg? (veljið þrennt að hámarki)

Mörg svör voru í boði og gat hver viðmælandi valið þrjú. Af öllum möguleikunum voru það málfrelsi, að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði og opin og lýðræðisleg vinnubrögð sem flestir töldu dæmigerð norræn gildi.

Viss munur er á svörum eftir búsetu. Mynd 5 sýnir hvaða gildi eru helst talin vera dæmigerð fyrir Norðurlönd, í öllum löndunum.

Eins og myndin sýnir eru fleiri í Danmörku en í hinum löndunum sem telja málfrelsi vera dæmigerðasta norræna gildið. Íslendingar nefna helst það að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði. Í Noregi eru fleiri en á Norðurlöndum almennt sem nefna opin og lýðræðisleg vinnubrögð sem dæmigert norrænt gildi, þó að fleiri nefni málfrelsið og það að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði. Íbúar Grænlands nefna flestir gagnkvæmt traust sem dæmigert norrænt gildi. Í Finnlandi nefna flestir umönnun og félagsleg öryggisnet sem sameiginleg gildi okkar Norðurlandabúa.

Mismunandi aldurshópar svara því í meginatriðum með svipuðu móti hvað þeir telji vera dæmigerð norræn gildi. Áhugaverður munur er á fólki undir 65 ára aldri og fólki 65 ára og eldra, en elsti aldurshópurinn telur það mikilvægara að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði og aðeins fleiri í þeim hópi nefndu það atriði en málfrelsið. Hjá viðmælendum undir 65 ára aldri er þessu öfugt farið.

Fleiri konur en karlar nefna málfrelsi, trúfrelsi og umhverfisvitund sem dæmigerð norræn gildi, en karlar nefna frekar samvinnuanda.

Með hliðsjón af þeim atriðum sem íbúar landanna telja mynda grundvöll samstarfsins og vera dæmigerð fyrir norrænt gildismat er áhugavert að skoða nánar hugmyndir þeirra um hvernig samstarfið eigi að vera byggt upp, þ.e. hvaða tilteknu samstarfssvið þeir telja mikilvægust.

Mynd 5

Þrjú mikilvægustu gildin að mati íbúanna



SVÍÐJÓÐ

Málfrelsi **38%**
Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði **34%**
Opin og lýðræðisleg vinnubrögð **28%**



NOREGUR

Málfrelsi **44%**
Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði **38%**
Opin og lýðræðisleg vinnubrögð **37%**



DANMÖRK

Málfrelsi **49%**
Opin og lýðræðisleg vinnubrögð **33%**
Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði **32%**



FINNLAND

Málfrelsi **40%**
Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði **40%**
Umönnun og félagsleg öryggisnet **29%**



ÍSLAND

Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði **51%**
Málfrelsi **31%**
Trúfrelsi **27%**



ÁLANDSEYJAR

Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði **39%**
Málfrelsi **38%**
Opin og lýðræðisleg vinnubrögð **27%**



FÆREYJAR

Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði **39%**
Málfrelsi **36%**
Trúfrelsi **33%**



GRÆNLAND

Gagnkvæmt traust **25%**
Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði **24%**
Heiðarleiki **22%**

Viðfangsefni samstarfsins

Viðfangsefni norræns samstarfs var þema þriggja spurninga í könnuninni á einn eða annan hátt. Þessar spurningar náðu yfir breitt svið þar sem viðmælendur áttu að svara því án mikillar umhugsunar hvað þeir teldu stærsta kostinn við norrænt samstarf og því hvað hver og einn teldi vera mikilvægasta kostinn fyrir sig persónulega.

Spurningunni um mikilvægasta viðfangsefni norræns samstarfs mátti svara með opnum hætti. Spyrnlarnir sáu svo um að flokka svörin. Á heildina litið eru varnar- og öryggismálin talin mikilvægust. Sjá mynd 6.

Myndin sýnir að næst á eftir varnar- og öryggismálum koma eftirfarandi svið, í þessari röð: menntamál, heilbrigðis- og félagsmál, loftslags- og umhverfismál, efnahags- og fjármálastefna og vinnumarkaðsmál.

Í samanburði við fyrri kannanir hefur áhugaverð breyting átt sér stað. Árið 2008 var „barátta gegn glæpastarfsemi þvert á landamæri“ talið mikilvægasta sviðið, en nú var það komið neðar á forgangslistann. Hið gagnstæða á við um varnar- og öryggismálin, sem nú eru efst á listanum. Þau lentu ofarlega á blaði í könnun ársins 1993 en höfðu færst neðar árið 2006. Vert er að nefna að spurningarnar sem lagðar voru fyrir í fyrri könnunum eru ekki alveg þær sömu og í nýju könnuninni.


Íbúar Danmerkur, Álandseyja, Íslands, Grænlands og Færeyja skera sig frá öðrum Norðurlandabúum að þessu leyti, en þar eru varnar- og öryggismálin ekki á meðal þriggja efstu atriðanna. Í þessum löndum eru menntamál almennt talin mikilvægari.

Unga fólkíð telur menntamálin mikilvægust og því næst varnar- og öryggismálin. Karlar eru líklegri en konur til að telja varnar- og öryggismál mikilvægasta samstarfssviðið, en fleiri konur svara því að menntamál, auk heilbrigðis- og félagsmála, séu mikilvægustu samstarfssviðin.

Önnur spurning sneri að helstu kostunum við norrænt samstarf (mörg svör í boði og enginn möguleikanna varðaði varnar- og öryggismál). Flestir töldu helsta kostinn vera að íbúar landanna gætu nýtt öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði. Sjá mynd 7.


Eins og sjá má telur næstum helmingur viðmælenda einn helsta kostinn vera að íbúar landanna geti nýtt öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði. Einkum eru það íbúar á Íslandi sem nefna þetta atriði, en það er talið eitt af mikilvægustu atriðunum í öllum löndunum nema Noregi, Færeyjum og Grænlandi.

Nokkru lægra hlutfall telur það mikilvægan kost að samstarfið styrki rödd Norðurlanda á heimsvísu. Þrátt fyrir að það atriði tengist varnar- og öryggismálunum ekki beint eru tengingar til staðar: hvort tveggja varðar það hvernig fólk sér Norðurlönd frá landfræðipólitísku sjónarhorni. Þessi spurning var ekki borin fram á alveg sama hátt árin 1993 og 2006, en þó má gera sér í hugarlund að þrátt fyrir að norræn samhæfing hafi þótt skipta minna máli árið 2006 en 1993 virðist mikilvægi hennar aftur fara vaxandi í hugum fólks.



Mynd 6

Ef þú veltir fyrir þér öllum þeim sviðum sem hægt er að eiga samstarf um á Norðurlöndunum, hvaða svið myndirðu segja að væru mikilvægust? (má velja eins mörg svið og hver vill)



Mynd 7

Hvað af eftirtöldu finnst þér vera stærsti kosturinn við norrænt samstarf? (3 atriði að hámarki)

Næstum jafn stór hluti viðmælenda svarar samsvarandi spurningu í nýju könnuninni á þá leið að möguleikar landanna til að nýta úrræði hvert annars, m.a. í heilbrigðisþjónustu, skipti miklu máli.

Einkum kann unga fólkið vel að meta það að geta nýtt öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði. Sjá töflu 2.

Tafla 2

Hlutfall aðspurðra (eftir aldurshópum) sem telja að einn mikilvægasti kosturinn við norrænt samstarf sé það að geta nýtt öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði.

Heildarfjöldi	16–30 ára	31–50 ára	51–64 ára	65 ára og eldri
46%	53%	47%	42%	41%

Taflan sýnir hlutfall viðmælenda úr hverjum af aldurshópunum fjórum sem telja að einn mikilvægasti kosturinn við norrænt samstarf sé að geta nýtt öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði. Stærra hlutfall karla en kvenna telur verslun og samkeppnishæfni á meðal helstu kosta við samstarfið (þó að það sé ekki efst á lista þeirra). Hins vegar telur stærra hlutfall kvenna en karla að það að geta lært hvert af öðru sé á meðal helstu kostanna (þó að það sé heldur ekki efst á lista kvennanna í heilum tölum).

Þegar spurt var hvaða samstarfssvið hverjum og einum þætti mikilvægast í eigin daglega lífi (aðeins hægt að velja einn möguleika) var enginn svarmöguleika tengdur öryggismálum. Það að geta óhindrað flutt á milli Norðurlandanna og starfað þar lenti í efsta sæti, en fast á eftir fylgdi frjáls för án landamæraeftirlits, að geta sótt sér menntun og fengið ólíkar prófgráður metnar á Norðurlöndunum, og geta nýtt sér opinbera þjónustu (t.d. hvað varðar skatta-, heilbrigðis- og eftirlaunamál) þegar flutt er innan Norðurlandanna.

Í aldurshópnum 16–30 ára var hærri hlutfall viðmælenda sem sagði það mikilvægast frá sínum bæjardryrum séð að geta stundað nám í öðrum norrænum löndum og fengið prófgráður viðurkenndar milli landa.

Þekking á Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði

Meira en þrír af hverjum fjórum hafa heyrt um Norðurlandaráð, en nokkru færri um Norrænu ráðherranefndina. Alls þekktu rúm 80 prósent viðmælenda til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Af athugasemdum sem spýrlarnir skrifuðu við þessa spurningu mætti ætla að margir viðmælenda hafi talið Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina vera eitt og hið sama – sem kemur heim og saman við reynslu margra af fulltrúum þessara stofnana í ýmsu samhengi.

Í samanburði við niðurstöður könnunar frá 2008 eru nú nokkru fleiri sem þekkja til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, en munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur.

Líkt og ólíkt með löndunum

Kaflinn hér að neðan inniheldur samantekt á nokkrum áhugaverðum niðurstöðum úr skoðanakönnuninni frá öllum norrænu löndunum. Sjónum er einkum beint að því með hvaða hátt svörin sem um ræðir „skera sig úr“. Því er mikilvægt að hafa í huga að sú heildarmynd sem könnunin veitir er að löndin séu nokkuð samstíga í svörum sínum.

Þegar svör frá einstökum löndum eru borin saman við svör frá Norðurlöndum í heild er mikilvægt að muna að svör frá fjölmennustu löndunum hafa meira vægi í heildarútkomunni. Það gildir einnig í hina áttina: svör frá fámennari löndum hafa minna vægi í heildarútkomunni. Þetta þýðir meðal annars að niðurstöður frá Svíþjóð eru nær niðurstöðum Norðurlanda í heild en niðurstöður hinna landanna, vegna þess að 38 prósent allra íbúa á Norðurlöndum búa í Svíþjóð. Hins vegar hefur það lítil áhrif á niðurstöður Norðurlandanna í heild þó að svör frá Íslandi, Álandseyjum eða Grænlandi séu frábrugðin svörum meirihlutans.

Danmörk

Viðmælendur í Danmörku svara oft með svipuðum hætti og viðmælendur í hinum löndunum en skera sig þó úr á nokkrum sviðum. Í Danmörku er hæst hlutfall þeirra sem telja sameiginlegt gildismat vera helsta grundvöll norræns samstarfs. 42 prósent svara á þá leið, en 34 prósent á Norðurlöndum í heild. Danir töldu málfrelsið mikilvægast hinna norrænu gilda.

Viðmælendur í Danmörku, líkt og í hinum löndunum, telja að norrænt samstarf sé mikilvægt. Hlutfall þeirra sem telja samstarfið mikilvægt í ljósi atburða síðustu ára á heimsvísu er þó lægra í Danmörku (56 prósent) en í löndunum í heild (68 prósent).

Svörin frá Danmörku greina sig frá svörum heildarinnar (það gera að vísu einnig svör frá Íslandi, Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi) að því leyti að þar er samstarf um varnar- og öryggismál ekki í neinu af þremur efstu sætunum yfir mikilvægustu samstarfssviðin. Í Danmörku telja 22 prósent að þetta sé eitt af mikilvægustu samstarfssviðunum, en 31 prósent er á þeirri skoðun á öllum Norðurlöndum.

Finnland

Aðspurðir í Finnlandi telja norrænt samstarf mikilvægt. Einkum telja þeir að atburðir síðustu ára á heimsvísu hafi aukið vægi þess. Þetta telja 74 prósent viðmælenda í Finnlandi, en 68 prósent á öllum Norðurlöndum. Þetta má setja í samhengi við það að finnskir viðmælendur voru einnig líklegastir til að telja varnar- og öryggismál á meðal mikilvægustu samstarfssviðanna, eða 45 prósent miðað við 31 prósent á öllum Norðurlöndunum.

Rétt eins og meirihluti viðmælenda á svæðinu öllu telur meirihluti finnskra viðmælenda að sameiginlegt gildismat sé helsti grundvöllur norræns samstarfs. Í Finnlandi er næst lægsta hlutfall viðmælenda, næst á eftir Íslandi, sem telja að norrænu tungumálin séu einn mikilvægasti grundvöllur samstarfsins (6 prósent).

Sænskumælandi Finnar eru líklegri til að telja tungumál mikilvægan grundvöll að samstarfinu – 23 prósent miðað við 5 prósent af finnskumælandi íbúum Finnlands.

Ísland

Afgerandi meirihluti íslenskra viðmælenda í könnuninni (90 prósent) telur að norrænt samstarf sé mikilvægt, en nokkru færri telja að atburðir síðustu ára á heimsvísu hafi aukið vægi samstarfsins (52 prósent á Íslandi, 68 prósent í löndunum í heild). Nokkurn veginn sami munur er til staðar varðandi það hvort fólk vill að samstarfið verði aukið: 53 prósent á Íslandi samanborið við 68 prósent í öllum löndunum.

Stærri hlutfall viðmælenda á Íslandi en í löndunum í heild telur það einn stærsta kost samstarfsins að íbúar geti nýtt öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði. Um 70 prósent viðmælenda á Íslandi nefna þetta atriði, miðað við 46 prósent af íbúum Norðurlanda í heild. Ennfremur leggja Íslendingarnir minna upp úr vægi varnar- og öryggismála, en aðeins 11 prósent þeirra segja það eitt af mikilvægustu samstarfssviðunum (31 prósent Norðurlandabúa telja þetta eitt mikilvægasta samstarfssviðið). Þess í stað leggja Íslendingarnir áherslu á menntamál, heilbrigðis- og félagsmál og menningarmál.

40 prósent viðmælenda á Íslandi telja að það að geta stundað nám og fengið ólíkar prófgráður metnar á Norðurlöndunum sé mikilvægasti kostur samstarfsins í þeirra daglega lífi. Til samanburðar svara 18 prósent í löndunum í heild á þann veg.

Noregur

Norska þjóðin er jákvæð í garð norræns samstarfs. Yfir 90 prósent telja að samstarfið sé mikilvægt eða afar mikilvægt. 67 prósent telja að atburðir síðustu ára á heimsvísu hafi aukið vægi samstarfsins og 64 prósent vilja að samstarfið verði aukið.

Svörin frá Noregi eru dálítið frábrugðin svörum frá Norðurlöndum í heild. Viðmælendur í Noregi telja til dæmis ekki að sameiginlegt gildismat sé helsti grundvöllur samstarfsins, heldur svipuð samfélagsgerð. Í Noregi telja 37 prósent viðmælenda að opin og lýðræðisleg vinnubrögð séu mikilvægt norrænt gildi, sem er hærra hlutfall en í hinum löndunum (þetta er þó ekki það gildi sem Norðmenn telja mikilvægast). 17 prósent Norðmannanna telja að samvinnuandi sé dæmigert norrænt gildi, en 11 prósent viðmælenda í löndunum í heild.

Svíþjóð

Svíþjóð er að mörgu leyti nærri meðaltali Norðurlandanna. Þó er mikilvægt að hafa í huga að svörin frá Svíþjóð hafa mest áhrif á heildarniðurstöður könnunarinnar, þar sem það er fjölmennast af löndunum. Þetta getur haft í för með sér að viðhorf Svíanna virðist „norrænni“ en ella. Önnur afleiðing er að viðhorf hinna landanna virðast „sænskari“.

Það hlutfall Svía sem telur samstarfið mikilvægt er í takt við hlutfall hinna íbúanna, en í Svíþjóð eru fleiri sem telja að atburðir síðustu ára á heimsvísu hafi aukið vægi samstarfsins og vilja að samstarf landanna verði aukið.

Athygli vekur að í könnun ársins 2006 voru íbúar í Svíþjóð síst áhugasamir um norrænt samstarf, en nú eru þeir áhugasamari um það en næstum allar hinar þjóðirnar.

Færeyjar

Í Færeyjum er að finna hæst hlutfall íbúa sem telja að einn helsti kosturinn við norrænt samstarf sé að við getum nýtt úrræði hvert annars, t.d. heilbrigðisþjónustu (67 prósent miðað við 42 prósent á Norðurlöndum í heild). Einnig telur tiltölulega hátt hlutfall að mikilvægur kostur við samstarfið sé að íbúar geti nýtt sér öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði (65 prósent miðað við 46 af heildinni). Þar er einnig næst hæst hlutfall, næst á eftir Íslandi, sem segir það hafa mesta þýðingu fyrir sig í daglegu lífi að geta sótt sér menntun og fengið ólíkar prófgráður metnar á Norðurlöndunum. Greinilegt er að hreyfanleiki er mikils metinn í Færeyjum.

Íbúar Færeyja skera sig frá hinum Norðurlöndunum að því leyti að 35 prósent viðmælenda telja gagnkvæman tungumálaskilning helsta grundvöll norræns samstarfs. Til samanburðar svöruðu aðeins átta prósent af íbúunum í heild á þann veg.

Grænland

Á Grænlandi er lægsta hlutfall þeirra sem telja mikilvægt eða mjög mikilvægt að löndin eigi í ríku og nánu samstarfi. 58 prósent viðmælenda á Grænlandi sögðu það mikilvægt eða mjög mikilvægt. Jafnframt vilja 78 prósent að samstarf norrænu landanna verði aukið, sem er á meðal hæstu prósentutalna í niðurstöðum könnunarinnar.


Auk þess telur nokkuð hátt hlutfall á Grænlandi, eða 27 prósent, að grundvöllur norræns samstarfs sé gagnkvæmur tungumálaskilningur.

Aðeins tvö prósent Grænlandinga telja að varnar- og öryggismál séu mikilvægasta norræna samstarfssviðið, sem er lágt miðað við heildina.

Álandseyjar

Íbúar Álandseyja eru jákvæðastir allra í garð norræns samstarfs. 94 prósent viðmælenda á Álandseyjum telja að ríkt og náið samstarf norrænu landanna sé mikilvægt eða mjög mikilvægt. Auk þess vilja 80 prósent þeirra aukið samstarf milli landanna.

Á Álandseyjum er menntun talin mikilvægasta samstarfssviðið og íbúarnir telja það helsta kost samstarfsins í daglegu lífi að geta sótt sér menntun og fengið ólíkar prófgráður metnar á Norðurlöndunum.



”

Það er gott að mikið samstarf fari fram um orkumál. Ég myndi vilja sjá aukið samstarf um varnarmálin. Við höfum nokkurn veginn sömu grunngildi svo við ættum að geta fundið út úr því.

Hugleiðingar

Að lokum eru fáeinar hugleiðingar um þau svör sem fengust við skoðanakönnuninni. Viðtöl voru tekin við rúmlega 3.000 einstaklinga á Norðurlöndum. Þetta er umtalsverður fjöldi, en þó hafa spurningarnar ekki kafað nægilega djúpt í öllum tilvikum til að unnt sé að draga skýrar ályktanir af svörunum. Það sem hér fer á eftir á því meira skylt við hugleiðingar en beinar niðurstöður.

Almenningur vill aukið norrænt samstarf

Mikilvægasta einstaka ályktun sem draga má af könnuninni er sú að íbúar Norðurlanda hafa afar jákvæða sýn á norrænt samstarf. Einnig vill meirihluti að samstarfið verði aukið. Áberandi margir telja að atburðir síðustu ára á heimsvísu hafi aukið vægi samstarfsins.

Áhugavert er að bera þá sýn á samstarfið sem var ráðandi 1993 við ríkjandi sýn ársins 2006, en þessi ár voru svipaðar kannanir gerðar. Sýn almennings á samstarfið var jákvæðari árið 1993 en könnun ársins 2006 benti til. Í könnuninni sem hér er til umfjöllunar voru spurningar að einhverju leyti frábrugðnar spurningum í fyrri könnununum tveimur, en heildarmyndin bendir til að þessi þróun hafi snúist við og að íbúarnir hafi nú jákvæðari sýn á Norðurlönd en árið 2006, þó að hún sé ekki eins jákvæð og árið 1993.

Grundvöllur norræns samstarfs

Íbúarnir telja gildismat og svipaða samfélagsgerð tengja Norðurlöndin saman, í þeim skilningi að þessi atriði eru talin mikilvægasti grundvöllur norræns samstarfs. Lægra hlutfall telur að menningarleg samkennd gefi samstarfinu mest vægi og enn færri nefna gagnkvæman tungumálaskilning í því samhengi.

Þetta má túlka með hliðsjón af því að norrænu löndin hafa um langa hríð byggt samfélög sín upp samhliða og stundum sameiginlega, oft að frumkvæði sömu eða svipaðra aðila (s.s. starfsstétta, stofnana, yfirvalda) víðsvegar á Norðurlöndum, sem oft hafa fundað þvert á landamærin. Þetta hefur lagt (s.s. starfsstétta, stofnana, yfirvalda) grundvöll að sameiginlegri sýn á gildismat og samfélagsgerð. Eins og einnig er komið inn á hér fyrir neðan er hugsanlegt að atburðir síðustu ára á heimsvísu hafi valdið því að almenningur hafi nú sterkari þörf fyrir norræna samkennd í þessum málum.

Líklegt getur talist að dregið hafi úr mikilvægi gagnkvæms tungumálaskilnings fyrir samkennd landanna á undanförunum áratugum. Ýmsar rannsóknir (t.d. *Håller språket ihop Norden?* frá árinu 2005) benda til þess að breytingar á ferðamynstri íbúanna, bæði hvað snertir nám, störf og tómstundir, eigi stóran þátt í því að íbúar landanna skilji hverjir aðra verr en áður. Breytt fjölmiðlalandslag getur einnig átt þátt í þessu.

Sennilegt er að einnig hafi dregið úr menningarlegri samkennd íbúanna í seinni tíð, eða að hún hafi í það minnsta fallið í skuggann af svipuðu gildismati og samfélagsgerð. Þó er ekki rannsóknum eða gögnum til að dreifa til að skjóta stoðum undir þennan grun.

Sennilega er hægt að skipta svarmöguleikunum gildismati, svipaðri samfélagsgerð, svipaðri menningu og gagnkvæmum tungumálaskilningi í tvennt, þar sem gildi og samfélagsgerð færu í einn flokk og tungumálaskilningur og svipuð menning í annan. Af niðurstöðum könnunarinnar að dæma eru það fyrri atriðin tvö – svipað gildismat og samfélagsgerð – sem íbúar Norðurlanda telja nú mikilvægust, í þeim skilningi að þau eru talin grundvöllur norræns samstarfs.¹

Einkum eru það málfrelsi, það að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði og opin og lýðræðisleg vinnubrögð sem teljast sérstaklega norræn gildi samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Hugsanlega eru það einmitt þessi gildi sem fólki finnst almennt ógnað í ljósi atburði síðustu ára í heiminum, og að það hafi valdið því að norrænt samstarf þyki nú mikilvægara en fyrr. Ef svo er benda niðurstöðurnar til þess að Norðurlönd haldi fast við þessi gildi.

Viðfangsefni norræns samstarfs

Það að varnar- og öryggismál séu nú talin mikilvægasta sviðið í norrænu samstarfi gefur til kynna að eitthvað hafi breyst síðan svipuð könnun var gerð 2006, og að einhverju leyti einnig síðan könnun ársins 2008 var gerð. Einnig hér má greina tengingu milli þess að atburðir í heiminum undanfarin ár hafi

¹ Á hinn bóginn mætti einnig halda því fram að sameiginlegt gildismat og menningarlegur skyldleiki væru svipaðir þættir.

ljáð samstarfinu aukið vægi og þess að almenningur á Norðurlöndum leggi svo ríka áherslu á samstarf um öryggis- og varnarmál sem raun ber vitni, og vilji að Norðurlönd hafi öflugri rödd á heimsvísu.²

Þó hafa íbúar landanna ansi fjölbreytilega sýn á það hvað Norðurlönd ættu að eiga samstarf um. Nokkrir hefðbundnir málaflokkar lenda ofarlega í könnuninni, ásamt fleirum sem ekki hefur verið hefð fyrir að eiga norrænt samstarf um á breiðum grundvelli, þ.e. á vettvangi Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar eða í öðru samhengi. Þetta má túlka almennt á þá leið að mörg hinna hefðbundnu pólitísku samstarfssviða njóti stuðnings meðal almennings, svo sem það að talið er mikilvægt að eiga norrænt samstarf um að greiða fyrir hreyfanleika yfir landamæri.

Hugsanlegt er að niðurstöður könnunarinnar bendi einnig til þess að íbúarnir sjái nú fyrir sér að Norðurlönd gegni nýju og víðtækara hlutverki frá landfræðipólitísku sjónarhorni en fyrr. Þetta þarf þó að kanna betur.

Það sem er líkt og ólíkt

Svör íbúa í tilteknum löndum skera sig í einhverjum tilvikum frá svörum heildarinnar. Almennt virðist þó sem íbúarnir hafi á heildina litið nokkuð svipuð viðhorf gagnvart Norðurlöndum og norrænu samstarfi.

Einnig er heildarmyndin nokkuð skýr þegar svörum er skipt eftir kyni og aldri viðmælenda. Hugsanlega er hægt að greina meiri stuðning við norrænt samstarf meðal viðmælenda eldri en þrjátíu ára en á aldrinum 16–30 ára. Ungu fólkið sýnir hins vegar meiri áhuga á menntamálum en eldri viðmælendur, sem kemur tæplega á óvart. Konur eru nokkuð jákvæðari í garð samstarfsins en karlar, en á heildina litið er munurinn þó lítill.

² Samstarf norrænu ríkisstjórnanna á sviði varnar- og öryggismála fer fram innan ramma NORDEFCO, en samstarf á þeim vettvangi hefur aukist stöðugt undanfarin ár. Þróað samstarf um varnar- og öryggismál hefur farið fram á vettvangi forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

”

Við ættum að eiga í meira samstarfi um varnarmál og menntamál. Allir Norðurlandabúar ættu að hafa aðgang að bestu læknismeðferð sem völ er á, ekki bara í sínu eigin landi.



Fylgiskjöl

Svör við spurningunum í könnuninni, fyrst fyrir Norðurlönd í heild og svo skipt eftir löndum

1. Þessi könnun snýst um það hvaða augum fólk lítur Norðurlöndin og norræna samvinnu. Hversu mikilvægt finnst þér að Norðurlöndin eigi í ríku og nánú samstarfi?

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
5. Mjög mikilvægt	59%	59%	62%	60%	53%	63%	71%	58%	38%
4.	33%	32%	31%	33%	35%	27%	23%	30%	20%
3.	7%	7%	5%	5%	10%	8%	4%	10%	24%
2.	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	-	10%
1. Alls ekki mikilvægt	1%	1%	0%	0%	1%	0%	1%	-	5%
Hef ekki skoðun	1%	1%	1%	0%	0%	1%	1%	2%	2%

2. Hafa atburðir síðustu ára á heimsvísu gert að verkum að þér finnist norrænt samstarf ...

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
Mikilvægara	68%	73%	67%	56%	74%	52%	75 %	47%	48%
Jafn mikilvægt	25%	19%	24%	36%	23%	42%	17 %	25%	35%
Síður mikilvægt	4%	3%	3%	5%	3%	1%	3 %	13%	8%
Hef ekki skoðun	4%	6%	6%	2%	1%	5%	5 %	15%	9%

3. Vilt þú að Norðurlöndin eigi í meira eða minna samstarfi eða er umfang samstarfsins mátulegt eins og það er?

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
Meira samstarf	68%	76%	64%	59%	66%	53%	80%	63%	78%
Mátulegt eins og það er núna	29%	20%	32%	38%	33%	37%	18%	33%	17%
Minna samstarf	0%	0%	1%	1%	-	-	-	-	3%
Hef ekki skoðun	3%	4%	3%	3%	1%	10%	2%	4%	2%

4. Hver er að þínu mati mikilvægasti grundvöllur norræns samstarfs? Er það að... (veljið aðeins einn valmöguleika)

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
Við höfum svipað gildismat	34%	32%	26%	42%	38%	27%	35%	33%	22%
Við búum við svipaða samfélagsgerð	32%	36%	35%	22%	33%	32%	26%	16%	30%
Menning okkar er svipuð	19%	16%	24%	19%	19%	30%	20%	13%	19%
Við skiljum að mestu leyti tungumál hvert annars	8%	8%	8%	10%	6%	4%	12%	35%	27%
Annað	5%	6%	5%	5%	4%	5%	7%	1%	-
Ekkert af framangreindu	2%	2%	2%	1%	1%	2%	-	2%	2%

5. Hvað af eftirtöldu finnst þér vera stærsti kosturinn við norrænt samstarf? (3 atriði að hámarki)

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
Að þá geta íbúar nýtt sér öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði	46%	47%	35%	49%	51%	70%	55%	65%	25%
Að rödd okkar verður öflugri á heimsvísu	43%	43%	43%	45%	41%	38%	41%	37%	32%
Að við getum nýtt úrræði hvert annars, t.d. sjúkrahús	42%	45%	32%	40%	49%	44%	49%	67%	30%
Að við verðum öflugri á sviði verslunar og samkeppni	37%	34%	34%	38%	43%	17%	35%	25%	29%
Að auðveldara verður að leysa úr vandamálum, þvert á landamæri	35%	33%	40%	39%	31%	24%	29%	31%	38%
Að við getum lært hvert af öðru	28%	26%	32%	35%	19%	35%	24%	26%	29%
Að við getum sparað kostnað með samstarfi	18%	18%	13%	17%	24%	20%	19%	15%	28%
Ég sé enga kosti	1%	1%	1%	1%	0%	2%	2%	-	3%

6. Ef þú veltir fyrir þér öllum þeim sviðum þar sem hægt er að eiga í samstarfi á Norðurlöndunum, hvaða svið myndirðu segja að væru mikilvægust? Þú mátt velja eins mörg svör og þú vilt.

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
Varnar- og öryggismál	31%	30%	29%	22%	45%	11%	19%	7%	2%
Menntun	23%	19%	19%	30%	26%	52%	38%	44%	24%
Heilsufarsmál og félagsleg úrræði	21%	16%	20%	27%	23%	32%	24%	24%	7%
Loftslags- og umhverfismál	19%	21%	19%	20%	14%	15%	18%	4%	2%
Efnahags- og fjármálastefna	19%	18%	19%	19%	21%	11%	16%	8%	7%
Málefni vinnumarkaðarins	17%	19%	13%	23%	10%	17%	19%	6%	2%
Aðlögun og málefni flóttamanna	14%	13%	17%	20%	9%	11%	6%	7%	-
Menning	13%	8%	16%	19%	12%	25%	9%	22%	25%
Við eigum að eiga samstarf um eins mikið og hægt er	12%	10%	9%	16%	13%	17%	18%	11%	8%
Barátta gegn glæpum, þvert á landamæri Norðurlanda	12%	13%	12%	17%	5%	14 %	4 %	3%	0%
Atvinnulíf/ fyrirtækjarekstur	12%	6%	16%	9%	21%	16%	9%	35 %	12 %
Rannsóknir/nýsköpun	12%	9%	18%	17%	9%	13%	5%	5 %	7 %
Orkumál/orkunýting	9%	8%	8%	16%	4%	10%	4%	4%	1%
Sjálfbær nýting náttúruauðlinda	8%	6%	10%	13%	5%	11%	4%	3%	6%
Tengslin við Evrópusambandið	7%	5%	6%	15%	3%	5%	4%	4%	1%
Utanríkismál	7%	5%	9%	14%	2%	12%	6%	6%	2%
Samstarf um lagasetningu	7%	6%	7%	12%	3%	8%	3%	2%	2%
Jafnrétti	7%	7%	9%	8%	3%	13%	8%	7%	6%
Málefni matvæla og landbúnaðar	6%	7%	9%	7%	2%	9%	4%	2%	1%
Tungumál	5%	3%	6%	8%	3%	9%	5%	7%	5%
Svæðistengd málefni/ svæðapróun	4%	4%	5%	5%	3%	6%	5%	2%	1%
Annað	27%	28%	32%	26%	21%	28%	24%	21%	10%
Ekkert svið	5%	4%	11%	5%	4%	9%	4%	12%	20%

7. Ef þú veltir fyrir þér þínu eigin daglega lífi, á hvaða sviði finnst þér mikilvægast að norrænt samstarf eigi sér stað? Þú mátt velja eitt svar.

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
Að geta óhindrað flutt á milli Norðurlandanna og starfað þar	21%	23%	18%	25%	19%	23%	18%	23%	12%
Að geta ferðast óhindrað yfir landamæri án landamæraeftirlits	19%	16%	15%	19%	30%	7%	9%	7%	15%
Að geta sótt menntun og fengið ólíkar prófgráður metnar á Norðurlöndunum	18%	17%	24%	17%	14%	40%	28%	31%	14%
Að geta nýtt opinbera þjónustu (t.d. hvað varðar skatta-, heilbrigðis- og eftirlaunamál) þegar flutt er innan Norðurlandanna.	17%	17%	20%	14%	19%	18%	21%	20%	17%
Að fyrirtækjaeigendur búi við betri skilyrði þegar kemur að rekstri annars staðar á Norðurlöndunum	11%	13%	7%	14%	9%	2%	11%	9%	13%
Að geta notið menningar frá öðrum Norðurlöndum	5%	5%	5%	5%	6%	3%	4%	4%	16%
Sameiginlegt kennitölukerfi á öllum Norðurlöndunum	3%	3%	2%	2%	3%	3%	7%	3%	11%
Annað	2%	2%	4%	2%	0%	2%	1%	2%	-
Ekkert af ofangreindu	2%	3%	4%	1%	1%	2%	2%	1%	2%

8. Gildi geta tengt fólk saman þvert á menningarheima og samfélög. Finnst þér einhver eftirfarandi gilda vera dæmigerð norræn gildi, þ.e.a.s. gildi sem við sem búum á Norðurlöndunum eigum sameiginleg? Þú mátt velja þrjú svör að hámarki; veldu þau gildi sem þér finnst helst sameiginleg hjá Norðurlandabúum.

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
Málfrelsi	42%	38%	44%	49%	40%	31%	38%	36%	13%
Að allar manneskjur hafi sömu réttindi og séu jafn mikils virði	36%	34%	38%	32%	40%	51%	39%	39%	24 %
Opin og lýðræðisleg vinnubrögð	30%	28%	37%	33%	26%	20%	27%	23%	19%
Umönnun og félagsleg öryggisnet	22%	18%	17%	28%	29%	25%	20%	28%	18%
Umhverfisvitund	21%	24%	14%	21%	21%	19%	26%	7%	17%
Gagnkvæmt traust	19%	15%	22%	23%	18%	12%	14%	20%	25%
Trúfrelsi	19%	23%	17%	16%	17%	27%	17%	33%	19%
Mannúð	16%	17%	14%	17%	14%	10%	19%	10%	21%
Ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum	16%	14%	12%	15%	23%	23%	13%	21%	17%
Heiðarleiki	15%	12%	11%	18%	21%	18%	18%	17%	22%
Samvinnuandi	11%	10%	17%	9%	11%	10%	11%	9%	20%
Kristilegur og húmanískur menningararfur	10%	6%	13%	11%	14%	6%	8%	23%	19%
Ekkert	2%	5%	2%	1%	0%	3%	4%	1%	2%

9. Kannastu við eða hefurðu áður heyrt talað um ...

	Norðurlönd	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland	Álandseyjar	Færeyjar	Grænland
Norðurlandaráð?									
Já	77%	72%	84%	80%	76%	94%	89%	82%	63%
Nei	21%	25%	15%	20%	22%	6%	9%	16%	31%
Veit ekki	2%	3%	1%	0%	2%	0%	2%	2%	6%
Norrænu ráðherranefndina?									
Já	66%	68%	66%	64%	61%	75%	82%	64%	59%
Nei	33%	30%	33%	36%	37%	25%	15%	34%	34%
Veit ekki	1%	1%	1%	-	2%	0%	2%	3%	7%

Aðferð

Svör frá Norðurlöndunum í heild hafa verið metin í hlutfalli við íbúafjölda hvers lands. Svör frá hverju landi hafa auk þess verið metin með tilliti til aldurs og kyns. Hvert land hefur eftirfarandi hlutfall, reiknað út frá íbúafjölda:

Land	Hlutfallslegt vægi
Svíþjóð	37,9%
Noregur	19,0%
Danmörk	20,9%
Finnland	20,5%
Ísland	1,2%
Álandseyjar	0,1%
Færeyjar	0,2%
Grænland	0,2%

Skekkjumörk:

200/250 viðtöl	500 viðtöl	3.000 viðtöl
Ef útkoma var 20/80: +/- 5,3%	Ef útkoma var 20/80: +/- 3,6%	Ef útkoma var 20/80: +/- 1,5%
Ef útkoma var 50/50: +/- 6,8%	Ef útkoma var 50/50: +/- 4,5%	Ef útkoma var 50/50: +/- 1,8%

Fjöldi viðmælenda:

Land	Viðtöl
Svíþjóð	500
Noregur	500
Danmörk	500
Finnland	600
Ísland	400
Álandseyjar	250
Færeyjar	200
Grænland	250
Alls	3.200



Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa látið gera umfangsmikla könnun á því hvað íbúum Norðurlanda finnst um norræna samstarfið – grundvöll þess, tilhögun og viðfangsefni.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að norrænt samstarf nýtur víðtæks stuðnings meðal almennings. Íbúarnir telja að mikilvægasti grundvöllur samstarfsins sé annars vegar sameiginlegt gildismat og hins vegar svipuð samfélagsgerð. Það norræna gildi sem flestum finnst einkenna löndin er málfrlsið.

Stór hluti íbúanna telur að það að geta nýtt öll Norðurlöndin sem atvinnu-, menntunar- og búsetusvæði sé einn af stærstu kostum samstarfsins. Almennt telja íbúar að varnar- og öryggismál séu það svið þar sem mikilvægast sé að eiga í samstarfi.

Þessi skýrsla var unnin af greiningar- og matssviði Norrænu ráðherranefndarinnar. Skýrsluröð sviðsins er ætlað að varpa ljósi á málefni sem eru ofarlega á baugi og mikilvæg frá norrænu sjónarmiði. Þetta er þriðja skýrslan í röðinni. Þær tvær fyrstu voru:

Tillit – Det nordiska guldet (Traust – norræna gullið) Greining nr. 1/2017

Er Norden best i verden? (Eru Norðurlönd best í heimi?) Greining nr. 2/ 2017

ANP 2017:780
ISBN 978-92-893-5253-6 (PRINT)
ISBN 978-92-893-5254-3 (PDF)
ISBN 978-92-893-5255-0 (EPUB)